

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 05. desember 2011
2011110010/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um Vefmyndasafn Íslands, 121. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dags. 11. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um Vefmyndasafn Íslands, 121. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir framangreinda tillögu til þingsályktunar. Náttúrufræðistofnun telur að vefmyndavélar geti verið ágætis kostur í mörgum tilfellum til að kynna íslenska náttúru. Rekstri vefmyndavéla geta þó fylgt ýmis vandkvæði og huga þarf að því hvar myndavélarnar eru settar upp sérstaklega þegar um er að ræða viðkvæm svæði vegna lífríkis. Á slíkum svæðum gæti verið erfitt að þjónusta vélarnar. Veðurskilyrði á Íslandi eru ekki alltaf ákjósanleg, stóran hluta ársins, og þarf því að taka tillit til þess við val á stöðum til myndatöku. Að öðru leyti tekur Náttúrufræðistofnun ekki afstöðu til framangreindrar tillögu.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

